

## 14. Djúpa í Fljótshverfi<sup>1</sup>

Djúpa yrði stífluð í um 560 m hæð, og veitt með skurði inn í Álftárdal austan Djúpár. Inntakslón í veituna er lítið og gera þarf ráðstafanir til að minnka aurburð inn í Álftárdal. Lambá er stífluð í mynni Álftárdals, með um 1.800 m löngum stíflum, sem eru mest rösklega 40 m háar. Þar er myndað miðlunar- og inntakslón með yfirfallshæð í 520 m y.s. og 54 Gl lónrýmd. Önnur miðlun og veita af vatnasviði Núpsár fæst með því að stífla Hvítá í V-Hvítárdal í um 770 m hæð. Þar fæst 64 Gl miðlun. Úr henni er veitt með göngum yfir á vatnasvið Lambár. Úr Álftárdalslóni er vatn tekið í göngum að stöðvarhúsi neðanjarðar undir Rauðabergsheiði. Frárennsli frá virkjun verður veitt út í Djúpa í gljúfri um 1,3 km ofan við brú (gömlu brú). Lagður verður nýr 9,5 km langur vegur með brú yfir Djúpa innarlega í Djúpárdal að aðkomugöngum að stöðvarhúsi í um 260 m hæð. Gerð hefur verið skýrsla um gróðurfar á virkjunarsvæðinu.<sup>2</sup>

Hugmynd um að nýta Grænalón sem miðlun og ná jafnframt meira vatni af vatnasvið Núpsár úr V-Bergvatnsá er talin af, m.a vegna þess, að Skeiðarárjökull sem heldur uppi vatninu fer minnkandi.

Ráðgjafar Orkustofnunar hafa bent á möguleika á virkjun úr V-Hvítárdal niður í Álftárdalslón, og yrði hagurinn af því fölginn í að rafmagn yrði framleitt þar á veturna og selt sem varaafli. Ennfremur hafa þeir bent á að reynist það hagkvæmt væri hugsanlegt að nýta sér í framtíðinni einnig verðmun á dag- og næturrafmagni að sumrinu með því að dæla vatni úr Álftárdalslóni upp í V-Hvítárdal á nóttinni og nýta til raforkuframleiðslu á daginn.

### *Yfirlitstafla*

#### **Einkennisstærðir**

Rennsli til virkjunar (m <sup>3</sup> /s)	20
Vatnasvið (km <sup>2</sup> )	271
Yfirfallshæð (m)	520
Flatarmál lóna (km <sup>2</sup> )	7
Miðlun (Gl)	118
Lengd ganga (km)	13,8
Efni úr göngum og stöðvarhúsi (m <sup>3</sup> )	162.000
Lengd stíflna (m)	2.250
Mesta hæð “ (m)	44
Efnispörf í stíflur (m <sup>3</sup> )	2.000.000
Lengd skurða (m)	1.200
Efni úr skurðum (m <sup>3</sup> )	200.000
Afl (MW), 1 Francis hverfill	75
Orkugeta (GWh/a)	500
Stofnkostnaður Mkr (v: 2001)	13.100
Stofnk/orkuein. (kr/(kWh/a))	26,3

<sup>1</sup> Almenna verkfræðistofan hf. 2003. *Virkjun Djúpár og Hverfisfljóts í Fljótshverfi – Forathugun*. Orkustofnun, OS-2003/020.

<sup>2</sup> Regína Hreinsdóttir og Guðmundur Guðjónsson 2008. *Gróðurkort af virkjunarsvæði fyrirhugaðrar Djúpárvirkjunar í Vestur Skaftafellssýslu*. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaaætlunar. Náttúrufræðistofnun Íslands, desember 2008. NÍ-08013.





